



Fréttabréf MFÍK

mars 2013

Á döfinni hjá MFÍK

“Nýjar leiðir á traustum grunni”

8. mars kl. 17.00 í lðnó við Reykjavíkurtjörn

Alþjóðlegur baráttudagur kv enna.

Dagskrá í samvinnu fjölda félagasamtaka auglýst á baksíðu.

19. mars kl. 19.00

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi, á horni Snorrabrautar og Njálsgötu

Silja Ingólfssdóttir friðar og átakafræðingur fjallar um orðróm á átakasvæðum.

Léttur kvöldverður á hóflegu verði í upphafi fundar (kr. 1500).

Húsið opnar kl. 18.30. Allir velkomnir.

16. apríl kl. 19.00

Auður Ingvarsdóttir segir frá ritgerð sinni og frá vinnu við bók um sögu MFÍK

Léttur kvöldverður á hóflegu verði í upphafi fundar (kr. 1500).

Húsið opnar kl. 18.30. Allir velkomnir.

Aðalfundur 2013

Aðalfundur MFÍK var haldinn 19. febrúar sl.

Nýja stjórn skipa: Auður Alfífa Ketilsdóttir, formaður, Harpa Stefánsdóttir, varaformaður, Auður Ingvarsdóttir, Lea María Lemarquis, Sigríður Gunnarsdóttir, Sigrún H. Einarsdóttir, Sigrún Gunnlaugsdóttir og Sigurlaug Gunnlaugsdóttir. Varamenn eru Margrét Guðmundsdóttir og Sigrún H. Einarsdóttir

Að lokinni aðalfundardagskrá ávarpaði dr. Pacifica Achieng Ogola félagskonur og greindi frá helstu þáttum doktorsritgerðar sinnar sem hún varði við Háskóla Íslands og kemur inn á aðstæður kvenna í Kenýa.

Lea María Lemarquis sagði frá viðtölum sem hún tók við eldri félagskonur í MFÍK og stýrði umræðum um þætti í sögu MFÍK.

Kynnt var ný vefsíða sem hefur verið í smíðum í umsjá Guðríðar Sigurbjörnsdóttur, <http://mfik.wordpress.com/>

Ítarlegri upplýsingar og ljósmyndir eru á nýja vefnum.

Félagsgjöld MFÍK

Innheimta félagsgjalda er farin af stað og þær konur sem eru með heimabanka sjá reikninginn þar. Aðrar félagskonur eru beðnar um að greiða inn á reikning MFÍK. Hann er hjá Íslandsbanka: 0526- 26- 484394, kt. 610174-4189. Félagsgjaldið hefur ekkert breyst í fjölda ára og er kr. 2.500 og kr. 1.500 fyrir eldri borgara og nemendur.

Saga MFÍK

Búið er að ganga frá ráðningarsamningi um ritun sögu MFÍK við Auði Ingvarsdóttur. Bakhjarlar hennar við úrvinnslu heimilda eru Margrét P. Guðmundsdóttir, María S. Gunnarsdóttir og Guðrún Hannesdóttir.

Þetta er kostnaðarsamt verk og nokkru fé hefur verið aflað, einkum undir samskotamáltíðunum í Friðarhúsi. Ætlunin er að birta í bókinni heillaóskaskrá – tabula gratulatoria – þar sem velunnarar verksins, sem hafa tækifæri til að kaupa bókina fyrirfram, geta fengið nöfn sín birt.

Auður mun kynna framvindu verksins á opnum félagsfundi 16. apríl.

Miðað er við að bókin komi út að ári og hægt verði að kynna hana 8. mars 2014.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars

Alþjóðlegum baráttudegi kvenna verður fagnað í Iðnó við Reykjavíkurtjörn föstudaginn 8. mars kl. 17 með eftirfarandi dagskrá:

- * Hildur Lillindahl: *Fémínismi, aktívismi og internetið*
- * Elsa B. Friðfinnsdóttir: *Tvær vikur að vinna fyrir gúmmistígvelum*
- * Nurashima A. Rashid: *Réttur kvenna til heilbrigðis er ekki auðveld barátta*
- * Kristín Á. Guðmundsdóttir: *Upprætum launamisrétti - opnum augun fyrir nýjum gildum*
- * Heiða Eiríksdóttir: *söngur*
- * Maríanna Traustadóttir: *Jafnlaunastaðall - nýtt verkfæri*
- * Steinunn Rögnvaldsdóttir: *Stríðið gegn konum*
- * Birna Þórðardóttir: *Ein - með öðrum*
- * Heiða Eiríksdóttir: *„Áfram stelpur“*

Fundarstýra er Lilja Nótt Þórarinsdóttir, leikkona



Huti undirbúningshópsins að störfum

Stuðningsfélög og samtök:
BHM, BSRB, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Fémínistafélag Íslands, Kennarasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing ÖBÍ, Kvenréttindafélag Íslands, MFÍK, Samtök hernaðarandstæðinga, Samtök kvenna af erlendum uppruna, SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu, Sjúkraliðafélag Íslands, Stígamót.